



Allsherjarnefnd Alþingis
B.t. Helgu Þórisdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 23. desember 2002

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (353. mál)

I

Vísað er til bréfs yðar, dags. 27. nóvember 2002, varðandi umsögn um 353. mál, frumvarp til laga um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Beðist er velvirðingar á því að ekki tókst að veita umsögn á þeim fresti sem veittur var.

II

Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

BHM leggur til að samþykkt frumvarpsins verði frestað í því skyni að skipuð verði í millitíðinni nefnd heildarsamtaka launafólks og Samtaka atvinnulífsins og fulltrúa stjórnvalda til þess að meta heildstætt út frá þjóðfélagslegum sjónarmiðum (og ekki aðeins refsiréttarlegum samræmingarsjónarmiðum) að hvaða marki misbeiting opinbers valds hefur sérstöðu umfram aðra misbeitingu þjóðfélagsvalds. Lagt verði mat á það hvort ástæða er til þess að setja í sama kafla almennra hegningarlaga ákvæði um refsinaemi annarrar tegundar spillingar en opinberrar, sbr. þá þróun sem vaxið hefur fiskur um hrygg undanfarin ár að draga úr mun á réttarstöðu opinberra starfsmanna og annarra.

Að öðru leyti telur BHM frumvarpið til bóta – ekki síst í ljósi þess að meginregla 23. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um 5 ára tímabundna skipun embættismanna er til þess fallin að auðvelda pólitíska misbeitingu valds.

Að gefnu tilefni er einnig rétt að vekja athygli á tilteknu vandamáli sem felst í því að brot gegn auglýsingaskyldu 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins virðist ekki geta haft refsiréttarlegar afleiðingar nema eftir atvikum – ef sannast – samkvæmt 139. og 141. gr. almennra hegningarlaga enda eru ekki almenn refsiakvæði í umræddum sérlögum. Ekkert lát virðist vera á brotum á auglýsingaskyldu enda virðast þau engin önnur réttaráhrif geta haft.

III

Um einstök ákvæði frumvarpsins er eftirfarandi að segja.

Um 1. gr.

Vakin skal athygli á því að ýmis tilvik undanfarin ár um ólögmetta heimtu þjónustugjalda, sem komið hafa til kasta umboðsmanns Alþingis og Alþingis sjálfs,


hefðu væntanlega verið refsiverð ef þessi breyting hefði þá verið komin til. Sama gildir um nýleg tilefni, svo sem verðlagningu opinberra upplýsinga eins og fjallað er um í vefriti fjármálaráðuneytisins frá 19. desember sl. en þar virðist staðfest að ýmis gjaldtaka, t.d. af hálfu Hagstofu Íslands, hefur ekki lagastoð. Varla getur verið ætlunin að opinberir starfsmenn gerist sekir um refsivert brot í starfi hlíti þeir fyrir mælum stjórnenda um innheimtu þjónustugjalda sem ekki hafa (skýra) lagastoð eða láti hjá líða að kanna lagastoð að eigin frumkvæði eða jafnvel að fenginni ábendingu borgaranna. Af þessu tilefni er lagt til að tryggt verði að ólögmaet innheimta þjónustugjalda af hálfu opinberra aðila leiði ekki til refsíabyrgðar hjá starfsmönnum þeirra, t.d. með því að áréttta (a.m.k. í greinargerð með nýju frumvarpi eða í nefndarálit) að orðin „eða öðrum til ávinnings“ feli ekki í sér hinn opinbera aðila sjálfan heldur einungis ávinning starfsmanni sjálfum eða öðrum óviðkomandi til handa. Til frekari stuðnings þessu sjónarmiði skal bent á að skv. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 ber (opinber) starfsmaður nánast aldrei bótaábyrgð á gjörðum sínum.

Um 6. gr.

Í því skyni að sá tilgangur frumvarpsins að skýra og afmarka hugtakið „opinber starfsmaður“ náist er lagt til að á eftir orðunum „vegna stöðu sinnar“ komi orðin „hjá opinberum aðila“ eða þvíúmlíku orðalagi. Með því væri bætt við hinum formlega þætti skilgreiningarinnar sem vantar í frumvarpið en er að finna í fyrirmyndinni í skýrslu nefndar forsætisráðherra um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda og eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni („þeir opinberu starfsmenn“) og í athugasemdum með 6. gr. í greinargerð með frumvarpinu. Að öðrum kosti gæti t.a.m. fallið undir hina rúmu skilgreiningu á opinberum starfsmönnum skv. 6. gr. frumvarpsins starfsmaður hagsmunasamtaka „sem vegna stöðu sinnar [...] getur [...] haft áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna.“ Undirritaður hefur t.a.m. það hlutverk!

Af sömu ástæðu er lagt til að upp í (nýtt) frumvarp af þessu tagi verði tekin breyting á 136. gr. almennra hegningarlaga þannig að í stað orðanna „Opinber starfsmaður“ komi orðalag á borð við „Opinber sýslunarmaður“ eða annað orðalag, almenningi tamara, sem sé til þess fallið að aðgreina þagnarskylda einstaklinga frá hinum þrengri hóp sem fellur undir 6. gr. frumvarpsins (141. gr. a í almennum hegningarlögum) um opinbera starfsmenn.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.

Afrit:
ASÍ.
BSRB.



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Allsherjarnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til almennra hegningarlaga, 353 mál, brot í opinberu starfi

Almennar athugasemdir

Með bréfi dags. 27. nóvember sendi allsherjarnefnd Alþingis Landssambandi lögreglumanna frumvarp til almennra hegningarlaga, 353. mál, brot í opinberu starfi til umsagnar.

Landssamband lögreglumanna þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum að.

Þær breytingar sem að frumvarpið gerir ráð fyrir og snúa helst að lögreglumönnum koma fram í 2. 3. og 4. gr. frumvarpsins

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 2. gr. (breyting á 131. gr. hgl)

Sú breyting sem að þarna er gerð snýr að ónákvæmni sem að gerð hefur verið í þýðingu og mun þannig leit koma inn í stað rannsóknar. Landssamband lögreglumanna gerir ekki athugasemdir við þessa breytingu.

Um 3. gr. (breyting á 132. gr. hgl)

Landssamband lögreglumanna telur að þær breytingar sem að snúa að 132. hgl séu til þess fallnar að gera ákvæðið skýrara og gera engar athugasemdir við breytinguna.

Um 4. gr. (breyting á 133. gr. hgl.)

Með breytingu á 133. gr. hgl þá er leitast við að rýmka ákvæðið frá því sem að gildir í dag. Ákvæðið í dag virt heilstætt nær einungis til afplánunarfanga en ekki til þeirra sem að sitja í gæsluvarðhaldi eða þeirra sem að eru vistaðir í fangageymslu án þess að gæsluvarðhaldsúrskurður liggi fyrir. Þegar um það er að ræða að fangar sitja í gæsluvarðhaldi og þá sérstaklega þegar aðilar eru vistaðir í fangageymslu án þess að

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA


gæsluvarðhaldsúrskurður liggja fyrir koma lögreglumenn mjög oft að því að gæta fangana. Þannig snýr rýmkun refsiábyrgðar þeirra sem að lagagreinin mælir fyrir um mjög að störfum lögreglumanna.

Í lang flestum tilvikum þegar um vistun í fangageymslu er að ræða þá liggur enginn gæsluvarðhaldsúrskurður fyrir og ekki er fyrirhugað að gerðar verði kröfur um gæsluvarðhald. Vistunin er þá oft tilkomin vegna ölvunar eða óspekta og ákvörðun tekin af lögreglu að fólk er látið "sofa úr sér". Landssamband lögreglumanna telur varhugavert ef að ætlunin er að láta rýmkun ákvæðisins ná til þess. Þá myndi refsiábyrgð liggja við því hjá almennum lögreglumanni ef hann sleppti t.d. fanga of snemma út án þess að hafa fengið til þess leyfi yfirmanns. Landssamband lögreglumanna veltir því upp hvaða verndarhagsmuni er verið að vernda með þess konar breytingu þegar um fanga er að ræða sem að ekki verða leiddir fyrir dómara heldur eru vistaðir einvörðungu skamman tíma samkvæmt ákvörðun lögreglu. Ef lögreglumaður myndi hleypa slíkum fanga út án þess að hafa til þess leyfi þá er um augljóst brot á starfsskyldum hans að ræða. Þar myndu lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna nr. 76/1996 um áminningu eða eftir atvikum lausn um stundarsakir sbr. 26. gr. laganna taka á slíkum brotum lögreglumanns en óljóst er um þörfina fyrir sektir eða fangelsi.

Landssamband lögreglumanna telur eðlilegt að nefndin hugi að því að breyta orðalaginu þannig að þau tilvik sem hér að framan eru nefnd falli augljóslega ekki undir lagagreininna og undanþegið lagagreininni verði allur sá fjöldi fanga sem að gistir fangaklefa lögreglunar t.d. vegna ölvunar eða óspekta og ljóst er að engin krafa verði gerð um gæsluvarðhaldsúrskurð. Þannig telur Landssamband lögreglumanna að skýrar þurfi að koma fram í athugasemdum með 4. gr. að rýmkunin nái einvörðungu til þess þegar um gæsluvarðhaldsfanga er að ræða eða þegar um vistun er að ræða í þágu rannsóknar.

Vegna framanritaðs telur Landssamband lögreglumanna mjög óeðlilegt að þau tilvik sem hér að framan eru nefnd valdi refsiábyrgð og sér ekki þá þjóðfélagshagsmuni að refsað verði skv. hegningarlögum vegna slíkra brota í starfi. Þannig telur Landssamband lögreglumanna að brot sem þessi eigi ekki að vera refsiverð heldur sé um að ræða brot sem að 26. gr. laga 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um áminningu og eftir atvikum lausn um stundarsakir tekur á. Þá má geta ákvæðis 141. gr. hgl sem að hægt væri að beita í undantekningartilvikum.

Virðingarfyllst


Grétar Jónasson hdl.,
framkvæmdastjóri LL

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/872
komudagur 27.1.2003

Nefndasvið Alþingis
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. janúar 2003.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 128. löggjafarþing 2002-2003, þskj. 390 – 353. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og telur ekki ástæðu til athugasemda af sinni hálfu, að virtum þeim skýringum sem gefnar eru í athugasemdum við lagafrumvarpið. Nefndin tekur undir þau rök að nauðsyn hafi borið til þess að endurskoða ákvæði XIV. kafla almennra hegningarlaga með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á stjórnarsýslunni og starfsumhverfi hennar á síðustu árum. Laganefndin telur einnig til bóta að taka upp leiðbeinandi skilgreiningu á hugtakinu opinber starfsmaður í skilningi 128., 129., 134., 135., 138., 139., 140. og 141. gr. laganna, sbr. 6. gr. frumvarpsins, fremur en að láta dómstólum alfarið eftir afmörkun á inntaki þess hugtaks með hliðsjón af atvikum hverju sinni.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller hrl.
formaður



Alþingi
Erindi nr. P 128/677
komudagur 16.12.2002


LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

ES/vós

Reykjavík, 16. desember 2002

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 27. f.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 353. mál, brot í opinberu starfi.

Farið hefur verið yfir frumvarpið og eru ekki gerðar sérstakar efnislegar athugasemdir við það af hálfu embættisins. Embættið telur að frumvarpið feli í sér réttarbót og mælir með lögfestingu þess.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Nefndasvið Alþingis
Helga E Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2002110122

211

16. janúar 2003

Málefni: Umsögn um frumvarp til breitinga á alm. hgl. mál nr. 353

Með bréfi, dags. 27. nóvember 2002, óskaði Allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Aðeins verður fjallað um þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 137. gr. alm. hgl. í þessari umsögn. En ákvæðið hljóðar svo:

"Ef opinber starfsmaður, sem hefur póst- eða símamálefni á hendi, rífur heimildarlaust upp ónýtir eða skýtur undan bréfum eða sendingum, sem afhent eru til flutnings með pósti, eða ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, sem veitt hefur verið viðtaka til fyrirgreiðslu, þá varðar það [...] fangelsi allt að 3 árum."

Þegar þetta ákvæði er sett eru póst- og fjarskiptaþjónusta á hendi ríkisins sem hafði einkarétt á að veita þessa þjónustu og þeir starfsmenn sem komu að því voru allir opinberir starfsmenn. Nú er svo komið að einkarétturinn hefur verið afnuminn og um leið var gerð sú breyting að þeir starfsmenn sem vinna við póst- og fjarskiptaþjónustu eru ekki lengur opinberir starfsmenn. Einu opinberu starfsmennirnir sem koma að póst- og fjarskiptaþjónustu eru starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar og starfsmenn samgönguráðuneytisins. Undir engum kringumstæðum hafa þeir hins vegar tækifæri til að fremja það brot sem verknaðarlýsing ákvæðisins tiltekur. Póst- og fjarskiptastofnun leggur því til að ákvæðið verði tekið til heildarendurskoðunar.

Um hugtök sem notuð eru í 137 gr. alm. hgl. og 5. gr. frumvarpsins.

Hugtakið "póstdreifing" er notað yfir afmarkaðan þátt póstþjónustunnar þ.e. dreifingunna sem slíka. Í lögum um póstþjónustu nr. 19/2002, er póstþjónusta skilgreind á eftirfarandi hátt:

"Þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu" Rekstrarleyfi eru gefin út til þeirra sem sinna póstþjónustu samkvæmt þessari skilgreiningu. Lagt er því til að í stað hugtaksins "póstdreifing" komi hugtakið

"póstþjónusta". Einnig er rétt að geta þess að um langt skeið hefur póstdreifing í dreifbýli verið unnin af verktökum t.d. eru allir Landpóstar Íslandspósts verktakar. Þeir myndu þ.a.l. ekki falla undir *"..starfsmann lögaðila.."* í 5. gr. frumvarpsins. Verknaðarlýsing ákvæðisins tæki því ekki til þeirra. Ganga verður því þannig frá frumvarpinu að það sé hafið yfir allan vafa að þeir sem sinna póstþjónustu eða fjarskiptum í verktöku falli einnig undir 137. gr.

Þá er rétt að benda á að hugtakið "símamálefni" í 1. mgr. 137. gr. alm. hgl. er hvergi notað í núverandi löggjöf um fjarskipti. Samkvæmt orðanna hljóðan þá nær hugtakið líklega aðeins til hefðbundinnar talsímaþjónustu, þ.e. tal á milli tveggja manna.

Fjarskipti í nútíma skilningi eru hins vegar orðin miklu víðtækari t.d. gagnaflutningur, tölvupóstsendingar o.fl.



Í lögum nr. 107/1999, um fjarskipti er hugtökin fjarskipti og fjarskiptaþjónusta skilgreint á eftirfarandi hátt.

Fjarskipti: Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.

Fjarskiptaþjónusta: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaáðferðum, öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi.

Lagt er því til að í stað hugtaksins "símamálefni" í 1. mgr. núgildandi laga verði notað hugtakið fjarskipti til að samræmis sé gætt.

Virðingarfyllst,

Friðrik Pétursson

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 128/678
komudagur 17.12.2002

SJ/-

B. 1178.02.

Reykjavík, 13. desember 2002.

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 27. f.m., frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, 353. mál, brot í opinberu starfi.

Af hálfu ríkissaksóknara er tekið undir tillögur þær, sem felast í frumvarpinu.

Líoniðus Józsefsson
saksóknari

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 128/676
komudagur 16.12.2002

Sýslumannafélag Íslands

Nefndasvið skrifstofu Alþingis,
Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík

Umsögn um frv. til almennra hegningalaga, 353. mál, brot í opinberu starfi.

Undirrituðum hefur verið falið af hálfu sýslumannafélags Íslands, að svara beiðni um umsögn um ofangreint lagafrumvarp.

Stjórn sýslumannafélags Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Seyðisfirði, 16. desember 2002



Lárus Bjarnason
ritari sýslumannafélags
Íslands